



BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 118 / 1192  
komudagur 17/2 1995


Reykjavík, 16. febrúar 1995

ISG/jb

Menntamálanefnd Alþingis  
150 Reykjavík

Þar sem fram hefur komið að meirihluti menntamálanefndar Alþingis leggur áherslu á að afgreiða frumvarp til laga um grunnskóla fyrir þinglok vil ég minna á afstöðu Borgarstjórnar Reykjavíkur til þessa máls eins og hún birtist í samþykkt borgarráðs frá í nóvember s.l.

Á fundi borgarstjórnar í dag kom málið til umræðu utan dagskrár og ítrekuðu borgarfulltrúar þar þá afstöðu sína að ekki væri unnt að afgreiða frumvarpið nema fullt samkomulag væri um flutning tekjustofna til sveitarfélaganna og um kjara- og réttindamál kennara. Þessari afstöðu er hér með komið á framfæri um leið og skorað er á þingmenn að virða vilja sveitarfélaganna í þessu máli.

  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:

Þingmenn Reykjavíkur



## BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 1994.

GE/jb

Forsætisráðherra,  
hr. Davíð Oddsson,  
Alþingi,  
150 Reykjavík.

Í framhaldi af umræðum í Borgarstjórn Reykjavíkur og skólamálaráði vill borgarráð koma eftirfarandi á framfæri við menntamálaráðuneytið og Alþingi:

Borgaryfirvöld lýsa áhyggjum sínum vegna þess hve skammt undirbúningur vegna yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga er kominn á veg, m.v. það markmið að yfirfærslan eigi sér stað 1. ágúst 1995. Glöggk kemur fram í frumvarpi að nýjum grunnskólalögum að fjölmörg atriði eru ófrágengin, en mikilvægt er að ákvörðun um flutninginn haldist í hendur við önnur atriði sem honum tengjast.

Borgarráð Reykjavíkur telur að samhliða grunnskólafrumvarpinu þurfi að leggja fram á Alþingi og ræða frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem og frumvarp um meðferð kjara- og réttindamála kennara. Stjórnvöld hafa ekki enn kynnt slík frumvörp. Að mati borgarráðs er ekki unnt að afgreiða grunnskólafrumvarpið nema fyrrgreind fylgfrumvörp verði afgreidd samtímis.

ISG

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Samrit:  
Menntamálaráðherra.